

Áveitan

2. tbl. 17. árgangur. Febrúar 2023

Aðalfundur Umf. Þjóttanda

6. febrúar 2023 kl. 19:00-21:00 í Þingborg

Pýlsur og gos frá kl. 18:40

Ársskýrslan

Kosningar

Verðlaunaafhendingar

Ræðum árið framundan



Allir velkomnir á öllum aldri!



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.



Þorraþrællinn á vel við þessa dagana og Kári hefur heldur betur verið í jötunmóð. Eftir mikla kuldatíð hefur tekið við umhleypingasamt veðurfar sem við förum ekki varhluta af. Við fundum fyrir snjópunganum í desember og fram í janúar og þá tók við asahláka og nú hefur skiptist á þíða og kuldi. Flóamenn, líkt og flestir Íslendingar, búa yfir ædruleysi yfir þessum aðstæðum enda ekki í mannanna höndum að eiga við náttúruna. Það er líka þessi öfluga náttúra sem skapar okkur sem þjóð. Hvort sem um er að ræða veðurofsa eða náttúruhamfarir eins og eldgos, jarðskjálfta og flóð þá tökum við á því verkefni sem við fáum í hendurnar hverju sinni.

Ný heimasíða Flóahrepps:

Frá og með 1. febrúar er ný heimasíða Flóahrepps komin í loftið www.floahreppur.is. Þar má finna ýmsar upplýsingar um sveitarfélagið, þjónustu, stjórnsýslu, mannlíf og menningu. Markmiðið með nýrri heimasíðu er að gera fréttir, tilkynningar, umsóknir og upplýsingar aðgengilegri og einfaldari í notkun fyrir íbúa. Við notum facebook síðu Flóahrepps einnig til að deila fréttum og tilkynningum. Heimasíðan verður áfram í stöðugri endurskoðun og eru allar ábendingar vel þegnar á netfangið floahreppur@floahreppur.is.

Íbúafundur:

Fimmtudagskvöldið 26. janúar var haldinn íbúafundur í Þingborg og

var hann vel sóttur. Fulltrúar frá Íslenska Gámafélaginu komu og kynntu þær lagabreytingar sem tóku gildi um áramót og fóru yfir flokkunarmálin. Þeir sem ekki höfðu tök á að mæta á fundinn geta nálgast efni af fundinum á heimasíðu Flóahrepps og svo er íbúum alltaf velkomið að hafa samband við skrifstofuna ef spurningar vakna. Á heimasíðu Flóahrepps má finna góðar leiðbeiningar varðandi flokkun. Á fundinum var einnig farið yfir nýsamþykktar verklagsreglur vegna snjómoksturs í Flóahreppi. Góðar umræður sköpuðust á fundinum og ljóst að íbúa kunna að meta að fá að mæta á slíka fundi, bæði til að ræða ákveðin málefni en einnig til að hitta aðra og taka spjallið.

Inneignarkort á söfnunarstöð ÍGF, Hrísmýri á Selfossi:

Sú breyting hefur nú verið gerð að allir fasteignaeigendur sem greiða fast gjald (sorpeyðingargjald) hafa kost á því að nálgast inneignarkort fyrir söfnunarstöð ÍGF í Hrísmýri á Selfossi. Aðeins er hægt að fá eitt kort á hvert fasteignanúmer sem greiðir þetta gjald. Kortin eru til afhendingar á skrifstofu sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar um inneignarkortin eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Grenndarstöð:

Í tengslum við ný lög og fyrirkomulag á sorpflokkun þá eru nú komnir grenndargámar við Þingborg fyrir málma og gler. Athugið að hér er ekki átt við flöskur og dósir til endurvinnslu heldur gler svo sem glerkrukkur (án loks) og annað smátt gler sem fellur til frá heimilum. Gámurinn fyrir málma er fyrir litla málmhluti svo sem lok af krukum, niðursuðudósir og litla málmhluti. Málmhlutir mega ekki lengur fara í græna tunnu við heimili – þar má bara setja plast í plasttunnu og pappír/pappa í aðra tunnu.

Til að byrja með verður þessi eina stöð við Þingborg en síðan verður sett önnur stöð við Félagslund til að draga úr vegalengdum fyrir íbúa. Einnig er hægt að fara með gler og málma í Hrísmýri.

Söfnun á textíl mun að líkindum einnig verða hluti af grenndarstöðvum en til að byrja með bendum við íbúum á að hægt að fara með textíl í gáma Rauða krossins sem staðsettir eru við BYKO á Selfossi.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða:

Síðastliðið haust var ákveðið að fara í breytingar á fyrirkomulagi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Síðustu ár hafa 7 sveitarfélög staðið saman að byggðasamlaginu eða Flóahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeið- og Gnúpverjahreppur og Ölfus. Ákveðið var að Uppsveitir og

Flói færur í að móta sína sameiginlegu þjónustueiningu og Hveragerði og Ölfus sínar einingar.

KPMG var fengið til liðs við sveitarfélögin vegna breytinga á byggðasamlaginu og einnig til að aðstoða við að stofna nýja einingu fyrir Uppsveitir og Flóa. Þessi vinna er enn í fullum gangi en verið er að horfa á að ný þjónustueining taki til starfa þann 1. mars næstkomandi. Það er von okkar að með þessum breytingum sé verið að einfalda stjórnsýslu í kringum starfsemina og um leið bjóða íbúum okkar upp á enn betri nærþjónustu í þessum málaflokkum.

Álagningarseðill:

Sveitarstjórn ákvað í undirbúningi fjárhagsáætlunar 2023 að gera þá breytingu að fjölga gjalddögum fasteignagjalda 2023 sem eru yfir 60.001 kr um einn og því dreifast þau gjöld á 10 gjalldaga í stað 9 eins og áður var. Greiðslur 20.000 kr og lægri eru áfram með 1 gjalldaga þann 1. mars og greiðslur á bilinu 20.001 kr – 60.000 kr eru á þremur gjalddögum eða 1. mars, 1. maí og 1. júlí. *Athugasemdir vegna álagningarseðils berist til skrifstofu Flóahrepps.*

Athygli er vakin á því að Flóahreppur sendir ekki út greiðsluseðla né álagningarseðla í bréfaþósti. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka undir rafrænum skjölum og álagningarseðlarnir eru aðgengilegir á www.island.is. Hægt er að óska eftir álagningarseðli og greiðsluseðli með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson leysir Ingibjörgu Einarsdóttur tímabundið af í starfi húsvardar í Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist til Andra í síma 866-7870 eða á netfangið andrierlingsson@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Mínum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-

fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri:

anna@floahreppur.is

Hafdís bókarari og launafulltrúi:

hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri:

hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu:

862-6848

Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 7. febrúar kl. 9:00 í Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 3. febrúar.

Að lokum vil ég hvetja íbúa og aðra áhugasama að pantast sér miða á þorrablótin sem eru haldin í febrúar í Flóahreppi. Þorrablót eru ómissandi hefð í samfélaginu okkar enda maður manns gaman.

Bestu kveðjur,
Hulda Kristjánsdóttir
sveitarstjóri Flóahrepps



Mynd: Ólafur Ingi Ólafsson, Halakoti, 2023



SUMAR 2023

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Í boði eru spennandi störf á nær öllum sviðum fyrirtækisins og starfsstöðvum okkar um landið. Starfsstöðvar Landsvirkjunar eru í Reykjavík, á Sogssvæði, Þjórsársvæði, í Fljótsdal, Mývatnssvæði, við Láxárstöðvar og Blöndustöð.

Kynntu þér þau fjölbreyttu störf sem eru í boði!

Opið er fyrir umsóknir

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar

landsvirkjun.is/sumarstorf



Sorphirða 2023

Flóahreppur

janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4				1	2	3	4
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11	5	6	7	8	9	10	11
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18	12	13	14	15	16	17	18
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25	19	20	21	22	23	24	25
29	30	31					26	27	28					26	27	28	29	30	31	

apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1			1	2	3	4	5	6				1	2	3
2	3	4	5	6	7	8	7	8	9	10	11	12	13	4	5	6	7	8	9	10
9	10	11	12	13	14	15	14	15	16	17	18	19	20	11	12	13	14	15	16	17
16	17	18	19	20	21	22	21	22	23	24	25	26	27	18	19	20	21	22	23	24
23	24	25	26	27	28	29	28	29	30	31				25	26	27	28	29	30	
30																				

júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1			1	2	3	4	5						1	2
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23
23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30
30	31																			

október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4						1	2
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11	3	4	5	6	7	8	9
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18	10	11	12	13	14	15	16
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25	17	18	19	20	21	22	23
29	30	31					26	27	28	29	30			24	25	26	27	28	29	30
														31						

	Almennt sorp/lifrænt - Neðri Flói
	Almennt sorp/lifrænt - Efri Flói
	Pappi/plast - Neðri Flói
	Pappi/plast - Efri Flói
	Rúlluplast - Allur Flói

Breytingar geta orðið á losunardögum sökum óviðráðanlegra aðstæðna. Losun fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri.

Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarf fer vel af stað í Flóaskóla eftir jólafrí. Veðrið hefur sett sitt mark á starfið hjá okkur bæði á þann hátt að hér hafa verið hönnuð og byggð flott snjóhús og göng en líka orðið til þess að við höfum þurft að fella niður skólastarf.



Vikuna 20.-24. febrúar verða haldnir fjölskyldudagar við skólann. Þá verður fjölbreytt dagskrá í boði, meðal annars ætla Gunni og Felix að koma í heimsókn með listsýninguna „Ein stór fjölskylda“ sem er hluti að verkefninu List fyrir alla. Einnig munu gestir frá nærsamfélaginu koma til okkar, rýnihópar endurskoða skólareglur og fleira skemmtilegt. Á fimmtudeginum 23. febrúar verður opið hús fyrir fjölskyldur nemenda og íbúa Flóahrepps þar sem gestum býðst að kaupa vöflur og kaffi af nemendum í 10. bekk. Ágóði þeirrar sölu rennur í ferðasjóð 10. bekkjar. Einnig gefst þá tækifæri til að skoða verkefni nemenda og fleira

áhugavert tengt skólstarfinu. Nánari dagskrá verður á heimasíðu skólans þegar nær dregur.

Árshátíð nemenda á eldra stigi verður haldin 8. febrúar n.k. Nú standa yfir æfingar nemenda á leikriti sem sett verður á svið. Leikstjóri er Sindri Mjólnir Magnússon en hann skrifaði jafnframt leikritið. Nánari tímasetningar verða auglýstar síðar.

Í febrúar eru einnig á dagskrá hjá okkur viðtalsdagar, vetrarfrí nemenda dagana 13. og 14. febrúar og Suðurlandsmót nemenda í skák.


Með kveðju frá Flóaskóla

Frá umhverfis og samgöngunefnd Flóahrepps

Munum að hreinsa rúlluplast og annað rusl af girðingum jafnóðum, sérstaklega eftir óveður eins og þau sem hafa gengið yfir okkur síðustu daga.



Flöskusöfnun



Er geymslan full af flöskupokum? Nú í febrúar verðum við á ferðinni að safna flöskum og dósum í fjáröflunarskyni fyrir útskriftarferðina okkar.

Þökkum veittan stuðning hingað til,
10. bekkur Flóaskóla.



ÞORRABLÓT VILLINGA

Haldið í Félagslundi

18. FEBRÚAR

2023

HÚSID OPNAR
KL. 20.00

BORÐHALD HEFST KL. 20:30

HLÓMSVEITIN
ALEXANDER MIKLI

&

VEISLUÞJÓNUSTA
SUÐURLANDS

Miðapantanir hjá Sólveigu
fyrir 15. febrúar í
síma: 869-6534

Miðaverð - 11.000.- / Á ballið 3.500.-

Opinn bar
Allir velkomnir

Messur í Villingaholts- og Hraungerðiskirkjum fram á vorið.

5. febrúar, messa í Villingaholtskirkju kl. 13.30.

5. mars, messa í Hraungerðiskirkju kl. 13.30

9. apríl, páskadagur, hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11.00

10. apríl, annar í páskum, hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11.00

28. maí, hvítasunnudagur, fermingarmessa í Villingaholtskirkju kl. 13.30

29. maí, annar í hvítasunnu, fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 13.30

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Úrslit Móta

Aldursflokkamót HSK

Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum 11-14 ára var haldið í Lindex höllinni á Selfossi 8. janúar sl. Á mótinu voru í fyrsta skipti veitt verðlaun fyrir stigahæsta félag í hverjum aldursflokki og varð Umf Þjótandi í þriðja sæti í heildarstigakeppninni með 98 stig Umf Selfoss sigraði og Dímon varð í öðru sæti. Keppendur Umf Þjótandi stóðu sig frábærlega.

11 ára stúlkur

60m hlaup

1.sæti 10,42 sek Lilja María Axelsdóttir

Kúluvarp

2.sæti 5,87 m Lilja María Axelsdóttir

Hástökk

4. sæti 1,05 m Lilja María Axelsdóttir

Langstökk

2.sæti 3,26 m Lilja María Axelsdóttir

11 ára piltar

60m hlaup

1.sæti 10,36 sek Kristján Reynisson

8.sæti 12,08 sek Ottó Ingi Annýjarson

Kúluvarp

1.sæti 8,41 m Baldur Ragnar Ragnarsson

3.sæti 6,91 m Kristján Reynisson

8.sæti 4,56 m Ottó Ingi Annýjarson

Hástökk

5.sæti 1,00 m Ottó Ingi Annýjarson

8.sæti 0,90 m Kristján Reynisson

Langstökk

1.sæti 3,57 m Kristján Reynisson

8.sæti 2,56 m Ottó Ingi Annýjarson

13 ára piltar

60m hlaup

1.sæti 9,15 sek Bjarki Rafn Reynisson

3.sæti 10,45 sek Már Óskar Bjarnason

Kúluvarp

1.sæti 7,17 m Bjarki Rafn Reynisson

2.sæti 6,02 m Már Óskar Bjarnason
Langstökk
1.sæti 4,50 m Bjarki Rafn Reynisson
2.sæti 3,95 m Már Óskar Bjarnason

14 ára piltar

60m hlaup
1.sæti 11,05 sek Þórarinn Óskar Ingvarsson
Kúluvarp
1.sæti 8,65 m Björgvin Guðni Sigurðsson
2.sæti 8,65 m Þórarinn Óskar Ingvarsson
Langstökk
1.sæti 3,19 m Þórarinn Óskar Ingvarsson

MÍ í fjölbraut haldið 14.janúar 2033 í Reykjavík

Þjótandi átti einn keppanda. Helga Reynisson sem átti góðan árangur og bætti sig í flestum greinum. Keppti hann í fimmtarbraut 15 ára og yngri og hafnaði í 2. sæti með 1543 stig.

60 m hlaup 11,30 sek
Hástökk 1,54 m
Langstökk 4,72 m
Kúluvarp 4 kg 8,40 m
800 m hlaup 2:43,5 mín

Stórmót ÍR haldið 21.og 22.janúar 2023

Þjótandi átti 2 keppendur á mótinu. Bræðurna Helga og Kristján Reynissyni. Helgi náði aðeins að keppa fyrri daginn því ófærð var yfir heiðina seinni daginn.

Árangur Helga
4.sæti 4,85 m Langstökk
6.sæti 1,43 m Hástökk
7.sæti 8,84 sek 60 m hlaup

Árangur Kristjáns
14. sæti í fimmtarbraut með 3066 stig
19. sæti 10,50 sek 60 m hlaup
9. sæti 2:15,16 mín 600 m hlaup
22. sæti 1,02 m Hástökk
19. sæti 3,30 m Langstökk
11. sæti 6,49 m Kúluvarp

Úrslit Móta - framhald

MÍ Öldunga haldið 14.janúar 2023 Reykjavík

Þjótandi átti 3 keppendur á mótinu.

Jón M Ívarsson kastaði 4 kg kúlu 8,29 m og hafði í 2.sæti.

Ingibjörg Markúsdóttir kastaði 4 kg kúlu 8,25 m og hafði í 3.sæti.

Bryndís Eva Óskarsdóttir afrekaði 8,80 sek í 60 m hlaup, 1,30 m í hástökki, 4,48 m langstökki, 10,02 m í kúluvarpi 4kg og hafði í 1.sæti í öllum greinum.

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps, verður haldin sunnudaginn 5. mars 2023 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl.

13:30. Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir

hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera.

Skráningafrestur rennur út kl. 22:00 föstudaginn 3. mars. Koma

verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og

eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-

5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang

félagsins hfff.stjorn@gmail.com. Áhorfendur velja með

kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú

efstu sætin, merfolöld og hestfolöld. Þeir sem verða með folöld

eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00.



Uppskeruhátíð

Við ætlum að halda uppskeruhátíð félagsins í Vatnsholti

föstudagskvöldið 17. mars með hrossakjötsáti og

verðlaunaveitingum fyrir sýningarárið 2022. Þetta verður allt

auglýst þegar nær dregur en takið daginn frá.

Aðalfundur

Aðalfundur HFFF verður haldinn um miðjan mars. Þar sem

tekin verða fyrir hefðbundin aðalfundarstörf. Við munum

auglýsa fundinn betur þegar nær dregur.

Stjórn HFFF

Messuplan í Gaulverjabæjarkirkju

26. febrúar kl. 14:00

26. mars kl. 14:00

10. apríl kl. 14:00 (annar í páskum)

28. maí kl 14:00 fermingarmessa (hvítasunnudagur)

Þetta eru dagsetningar á messum sem verða í Gaulverjabæjarkirkju fram á vor (vonandi verða veðurguðirnir hliðhollir okkur næstu mánuði).

Organisti er Haukur Gíslason en hvaða prestur verður hverju sinni er ekki alveg komið á hreint. Sr. Arnaldur Bárðarson var með sína síðustu messu í Gaulverjabæjarkirkju þann 29. janúar sl. en hann er að færir sig á Austfirðina og verður með aðsetur í Heydölum. Sóknarnefnd þakkar honum vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar á nýju stað.

Sóknarnefnd Gaulverjabæjarkirkju

RÓSEY EHF

Ægisíðu 4, Hellsu

(Gula húsið vestan við brúna)

Smíðum allar gerðir af háþrýsti- og lágþrýstislöngum.

Gerum við ventlakistur - dælur, mótora og tjakka.

Allt fyrir glussakerfið. Útvegum allt í vökvakerfi.

Opið frá kl. 08 - 18 mánud. - fimmtud. - Föstud. frá kl. 08 - 16

Sími 537 0754 - 835 0754

rosey@rosey.is - (þjónusta fyrir utan opnunartíma, sími 835 0754)

Þorablót!!!

Hið langþráða og sívinsæla Þorablót Gaulverja verður haldið í Félagslundi í Flóahreppi þann 11. febrúar 2023. Hamarssamtökin við Stefánsstræti 7b hafa setið sveitt við teikniborðið síðustu þrjú árin en að venju dettur þeim ekkert fyndið í hug. Það er því gott að það er fullt af nýju fólki í hópnum.

Hljómsveitin Bandið í bænum leikur fyrir dansi og veitingar koma frá Matborðinu. Húsið opnar klukkan 20:00 og hefst dagskrá stundvíslega á slaginu 20:30.

Miði á blótið kostar 10.000kr. Miðapantanir þurfa að berast eigi síðar en sunnudaginn 5. febrúar 2023 í síma 695-1332 (Stefanía) eða 846-9287 (Margrét). Eins er hægt að senda tölvupóst á maggavelli@hotmail.com.



Dagskrá mánaðarins:

Þorablót í Þingborg	4. febrúar
Messa í Villingaholtskirkju	5. febrúar
Aðalfundur Umf. Þjótanda	6. febrúar
Glímuæfingar í Félagslundi	6. febrúar
Æfingar í Þingborg	7. janúar
Þorablót í Félagslundi	11. febrúar
Glímuæfingar í Félagslundi	13. febrúar
Æfingar í Þingborg	14. febrúar
Þorablót „Villinga“ í Félagslundi	18. febrúar
Glímuæfingar í Félagslundi	20. febrúar
Æfingar í Þingborg	21. febrúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	26. febrúar
Glímuæfingar í Félagslundi	27. febrúar
Æfingar í Þingborg	28. febrúar